



## Bréfa- og málasafn 1965

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Bréf – Ingibjörg Jónson – Ludvig G. Braathen –  
Pétur Eggerz – Ásgeir Pétursson – Gunnar Bjarnason – John Lyng – Jón Ísberg – Kristinn Hákonarson –  
Per Borten – Peter Smithers – Pétur Thorsteinsson – Richard Beck – Theodore A. Serrill –

## ***Tekið af vef Borgarskjalasafnsins***

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmalamaðurinn***

Askja 2-32, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pétur Eggerz  
Ambassador

Permanent Representative of Iceland  
to the Council of Europe  
532 Bad Godesberg  
Körnerstrasse 5

Föstudagur 15. janúar 1965.

Hr. forsætisráðherra Bjarni Benediktsson,  
Reykjavík.

Góði vinur,

Ég vísa til bréfaskipta okkar, og þá sérstaklega til bréfs, sem ég skrifaði þér í Ostende hinn 12.9.1964.

Nú eru tvö sendiráð laus, Kaupmannahöfn og Washington. Bið ég þig um að sýna mér þá miklu vinsemi að styðja að því að ég verði nú gerður að forstöðumanni sendiráðs.

Við Ingibjörg sendum þér og þínum allar góðar óskir, og beztu kveðjur.

Þinn einlægur



Pétur Eggerð  
Ambassadó

Permanent Representative of Iceland  
to the Council of Europe

Bad Godesberg, 9. maí 1965.

Hr. forsetisráðherra Bjarni Benediktsson,  
Reykjavík.

Kæri Bjarni,

Bestu þakkir fyrir bréf þitt dags. 20. marz 1965. Þá þökkum við Ingibjörg þér bæði fyrir það sem þú hefur gert til þess að rétta hlut okkar, því að þetta er mál okkar beggja. Ég álykta af bréfi þínu, að ekki muni ég við þetta tækifæri vera gerður að forstöðumanni sendiráðs.

Bið ég þig vinsamlega að ráðleggja mér í eftirfarandi. Við hjónin og reyndar fleiri, erum þeirrar skoðunar, að einhverjar annarlegar ástæður muni liggja til þess að gengið er framhá mér alla tíð, svo sem að utanríkisráðherra kunni að hafa verið gefnar rangar upplýsingar um mig. Þetta ályktum við af því að ég hef ekki gefið neitt tilefni til þess að framhá mér skuli gengið. Það hefur ekki verið fundið að því hvernig ég hafi unnið starf mitt, eða að minnsta kosti er mér ekki kunnugt um það. Ekki er málum heldur þannig farið, að starfsmenn utanríkisþjónustunnar <sup>á</sup>fi ekki yfirleitt eðlilegar hækkanir, síður en svo. Gert hefur verið mjög vel til allra jafnaldra minna í utanríkisþjónustunni. Enda eru þeir allir mjög ánægðir og það myndi ég einnig vera, ef ég væri í þeirra hópi. Við hjónin veltum því fyrir okkur daglega, hvað sé hér á ferðinni, sem okkur er algerlega halið.

Það er einmitt í sambandi við þetta, sem mig langar að biðja þig um ráðleggingu, og þá hvort þú gatir bent mér á eitthvað

sem ég gæti aðhafst til þess að leiðrétta þennann misskilning, sem hér virðist vera fyrir hendi.

Fari hinsvegar svo sem horfir, að í þetta skifti verði einnig gengið fram hjá mér, þá væri ekki óeðlilegt að hliðsjón væri höfð af því, hvernig alþjóðastofnarnir fara að því að bæta starfsmönnum sínum það, þegar ekki er hægt að hækka þá á eðlilegann máta, eða þegar að gengið er fram hjá þeim. Í Evrópuráðinu er venja að bæta slíkt með bætum kjörum. Þetta er mér vel kunnugt um, þar sem ég hef margoft greitt atkvæði um launahækkanir starfsmanna af þessum ástæðum. Þær reglur sem gilda hjá Evrópuráðinu í þessum efnum, gilda einnig hjá öðrum alþjóðastofnunum, eða svo er mér sagt.

Hvað mig áhrærir, þá mætti leiðrétta þrjú atriði, sem öll skifta mig miklu máli, þó slík leiðretting gæti aldrei komið í stað þess sem ég sækist eftir.

Í fyrsta lagi að veita mér ambassadorstitil hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni.

Í öðru lagi er það, að allir ambassadorar Íslands og allir fastafulltruar Íslands, og til viðbótar aðstoðarmaður Dr. Kristins Guðmundssonar í Moskvu, búa við ókeypis húsnæði, ljós og hita. Þetta er þó ekki rétt að einu leyti, vegna þess, að þó ég sé bæði ambassador og fastafulltrúi, þá hefur mér ekki verið gefinn kostur á sama rétti í þessum efnum og starfsbræðrum mínum.

Í þriðja lagi er það, að allir ambassadorar Íslands eru í 28. launaflokki, nema ég. Þetta finnst mér ekki rétt.

Ég bið þig vinsamlega að hugleiða þessi þrjú atriði, og komist þú að þeirri niðurstöðu, að hér sé um sanngjarnt sjónarmið að ræða, þá bið ég þig að liðsinna mér til þess að koma þessu um kring.

Hér er aðeins um ósk af minni hálfu að ræða, en ekki kröfu.

Við Ingibjörg sendum þér og þínu fólki okkar bestu kveðjur, og allar góðar óskir.

Þinn einlægur

LUDV. G. BRAATHEN

Oslo, 3. mai 1965


Statsminister Bjarnir Benedikson  
Reykjavik  
Island

Eksellense,

Da jeg erfarer at Deres Eksellense i de nærmeste dager skal avlegge et besøk her i Oslo, fremkommer nærværende for å nevne at min hustru og jeg selv vil sette overmåte stor pris på om det kunne passe Deres Eksellense og frue å komme til en lunsj i vårt hjem i Oslo.

Dog må jeg innskyte at 17. mai vil vi være opptatt, men alle andre dager før og etter nevnte dato kan passe.

Ærbødigst



Ludv. G. Braathen

Pétur Eggerz  
Ambassadó

Permanent Representative of Iceland  
to the Council of Europe

Bad Godesberg 14.okt.1965

Einkamál.

Hr.forsætisráðherra Bjarni Benediktsson,  
Reykjavík.

Kæri Bjarni,

Mér finnst hin pólitíska þróun í Þýskalandi þessa dagana mjög athyglisverð, bæði frá sögulegu og lögfræðilegu sjónarmiði.

Við höfum oft spjallað um pólitík í Þýskalandi þegar ég hef komið heim. Datt mér þessvegna til hugar að senda þér nokkrar línur, og þá um hvernig þetta horfir frá mínu sjónarmiði.

Ég þekki nokkra þýska blaðamenn sem oft lát mér í té upplýsingar sem mér finnst athyglisverðar. Þar fyrir utan láta þýskir stjórnámálamenn blöðin hafa sitthvað eftir sér þessa dagana, sem að vísu er ekki til þess fallið að bera klæði á vopnin. En í þessum blaðaviðtölum er margvíslegur fróðleikur.

Sá sem mestum óróanum veldur verður 90 ára á næsta afmælisdegi, en það er Adenauer. Ekki er sjáanlegt, að hann sé að neinu leyti farinn að gefa sig, og víst er um það, að í þessum 89 ára gamla líkama brenna ennþá heitar ástríður. Sérstaka athygli hefur vakið blaðaviðtal, sem Adenauer átti við "Welt am Sonntag", og birtist í því blaði 10. þ.m. Í viðtalinu gerir Adenauer tilraun til þess að sanna lesandanum að vald forsetans (Bundespräsident) sé mun meira en menn hafi gert sér grein fyrir og vald Bundeskanzler ekki eins mikið og gengið hefur verið út frá. Þannig hafi forsetinn heimild til þess að neita að samþykkja utanríkisráðherra, sem Bundeskanzler stingi upp á. Segja blöðin ~~því~~, að það sem vaki fyrir Adenauer sé að styrkja forsetann í afstöðu hans gagnvart Schröder, og þá um leið að gera tilraun til þess að skjóta skelk í bringu Erhards.

Ég sendi þér "Welt am Sonntag" með bréfi þessu.

Þessi afstaða Adenauers annarsvegar til forsetaembættisins og hinsvegar gagnvart Schröder vekur mikla athygli. Afstaðan til forsetaembættisins, vegna þess að á sínum tíma gaf Adenauer það upp sem ástæðu fyrir því að hann vildi ekki verða forseti, að starfið væri svo pólitískt áhrifalaust. Jafnframt spyr margur Þjóðverji sig þeirrar spurningar, hvort það sé söguleg þróun til góðs eða ills, ef vald forsetans verður aukið svo mjög að hann geti haft veruleg áhrif á skipun ríkisstjórnarinnar áhverjum tíma.

Þá vekur afstaða Adenauers til Schröders mörgum Þjóðverjanum undrunar vegna þess að Adenauer átti hugmyndina að því að gera Schröder að utanríkisráðherra og fylgdi því máli fast eftir eins og öðru því sem hann gerir að sínu máli. Það sem blöðin telja að Adenauer gefi Schröder að sök er það, að honum sé það að kenna, hversu mjög hafi kólnað vináttan milli Frakklands og Þýskalands og að sú þróun eigi sinn þátt í hinni óvinsamlegu afstöðu De Gaulle til Bandaríkjanna. Ennfremur að Þýskaland sé nú einangraðra en nokkru sinni fyrr. Hinsvegar hefur það valdið mörgum Þjóðverjanum kvíða, ef að Þýskalandi yrði komið til þess að taka afstöðu með Frakklandi og þá samtímis afstöðu á móti einhverjum óvinum Frakklands. Minnst ég í þessu sambandi

þess, að einu sinni þegar Staatssekretär Carstens og ég borðuðum saman, þá sagði hann við mig, að sú "situation" mætti aldrei skapast, að Þýzkaland þyrfti að velja á milli Frakklands og Ameríku.


Ekki mun þetta vera aðalástæðan fyrir inni óvin- samlegu afstöðu Adenauers til þess manns, sem hann gerði sjálfur að utanríkisráðherra. Heldur hitt, að honum finnst Schröder ekki nógu auðsveipur og ráðþægur og leiti ekki svo oft sem skyldi til sín til þess að leita ráða eða segja Adenauer hvaða ráðagerðir séu á þrjónunum í það og það skiptið.

Þá er sagt hér, að Adenauer hafi fulla trú á því að hann myndi 89 ára gamall eins og hann er, mun betur fallinn til þess að hafa stjórnarforystu heldur en eftir- maður hans.

Adenauer og Franz Josef Strauss snúa bökum saman í pólitíkinni þessa dagana. Enda þótt Strauss styrki og styðji Adenauer í afstöðunni gagnvart Schröder, þá er honum þó ennþá meira kappsmál að knésetja Mende, sem hefur marglýst því yfir, að hann muni ekki taka þátt í þeirri stjórn, þar sem Franz Josef Strauss sé ráðherra. Hér ræður það persónulega en ekki það efnislega.

Að því er afstöðuna til Schröders varðar, þá virðist samkvæmt þeim upplýsingum, sem fram koma, Lübke, Adenauer og Strauss vera á móti, en Erhardt með. Jafnframt eru þetta átök um vald forseta og kanslara.

Þinn  
Gísli





# North American Publishing Co. Ltd.

Publishers of  
LÖGBERG — HEIMSKRINGLA  
(1888) (1886)

303 KENNEDY STREET,  
WINNIPEG 2, MANITOBA  
WHITEHALL 3-9931

25. marz 1965.

Dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra,  
Reykjavík, Iceland.

Kæri herra forsætisráðherra,

Ég þakka þitt kærkomna bréf, dags. 22. marz sem barst hingað á skrifstofuna í morgun (flugpósturinn undursamlega fljóttur!)

Mér þótti vænt um að árgangar Lögbergs-Heimskringlu 1959, '60, '61, '62 og '63 komust til þín með góðum skilum. Við höfum látið binda árganginn 1964 og sendum þér hann í skipspósti í dag og látum svo staðar numið hvað innbundna árganga snertir, enda munu nú þessir sex verða nokkuð rúmfrekir í bókahöðu þinni og mundum við ekki misvirða það þótt þú gæfir hina fyrstu fimm í eitthvert bókasafn ef þér svo sýnist, en þann síðasta væntum við, að þú geymir til minja um hina kærkomnu heimsókn ykkar hjónanna og Björns sonar ykkar, því sá árgangur gefur til kynna hve mjög Vestur-Íslendingar fögnuðu komu ykkar.

Þegar Alþingi og Ríkisstjórn Íslands hóf árlega fjárveitingu til Vestur-Íslenzku vikublaðanna árið 1944 styrk, sem síðan hefir átt meginþátt í, að íslenzkt vikublað heldur áfram að koma út vestan hafs fram á þennan dag — var ákveðið að sýna ofurlítinn lit á viðurkenningu og þakklæti okkar með því að senda blaðið ókeypis til ríkisstjórnarinnar, ýmissra opinberra stofnanna og til nokkurra leiðandi manna á Íslandi, og sendum við þessvegna um 140 - 150 eintök ókeypis og viljum gjarnan halda því áfram.

Ég athugaði listann og sé að tvö eintök eru send til Forsætisráðuneytisins og önnur tvö til Fræðslumála-skrifstofunnar.

Eftir heimsókn ykkar hjónanna, þótti mér sjálfsagt að senda blaðið einnig til heimilis ykkar. Það er okkar ánægja, að mega senda þér blaðið ókeypis.

# North American Publishing Co. Ltd.

Publishers of  
LÖGBERG — HEIMSKRINGLA  
(1888) (1886)


303 KENNEDY STREET,  
WINNIPEG 2, MANITOBA  
WHITEHALL 3-9931

Við fáum Morgunblaðið nokkuð fyrr en áður, vegna fyrirgreiðslu Hannesar Kjartanssonar aðalræðismanns. Án þess blaðs viljum við ekki vera vegna þess hve það er fréttaríkt og hefir margar góðar greinar að geyma, en mér er sagt að í vikublaðinu Ísafold, sem ég ekki fæ, sé "summary" af fréttunum, sem birtast í Mgbl. Ef svo er, vildum við gjarnan fá það vikulega í flugpósti beint hingað á skrifstofuna, og greiða fyrir pósthjaldið. Eins væri okkur ljúft að senda Lögberg-Heimskringlu til Íslands í flugpósti þeim aðila, er óskar eftir fréttum af okkur hér.

Ég bið þig að fyrirgefa, að ég minnst á þetta við þig, eins önnur kafinn og þú ert, en ég er ekki viss um, hvert ég á að snúa mér í þessu sambandi og reiði mig því á leiðbeining þína og góðvild.

Ég þakka fyrir jólakveðjuna sem ég mat mikils.

Með beztu kveðjum til ykkar hjónanna,

  
Ingibjörg Jónsson

ÁSGEIR PÉTURSSON  
SÝSLUMAÐUR

27. 9. 1965

Kæri Bjarni,

þegar þú komst á héraðsmiðit í  
Brúin í sumari, ræddu þeir  
Pétur Ottósson og Pétur bóndi í Geirs-  
hlíð (Flókadal) við þig um það  
að ráðslufornir yrðu gerðar til  
þess að reyna að flýta þú að  
reforma júngrit í Flókadal og Reyk-  
holtsdal, nedanverðan.

Þú badst mig að ath. hverjum þetta  
stæði og spá hvar hægt væri að  
gera.

Þetta hefi ég nú gert - og hefti  
kannar byrjað á þú áður. Lauson

vandans fæst þannig að við hær efra  
lánum raforkumálalögum nr. 4. millj.  
tú þess að flýta raforkuframkv. hér  
í héraðinu. — É flutti, ásamt öðrum,  
allöfn í slöm Andakilsárvirkj. að hær  
leirastí fæ í þetta. Var það rökslutt m.  
því að svo margir héraðsbíar heftu  
nokkr góts af reikstri virkjunarsinnar, en  
aðrir heftu einshis nokkr. Væri því  
samgj. að bota úr fyrri þeim, met  
því að flýta raforkuframkv. Það var samþ.

Nú þvingdi Ingólfur tú mín og sagði  
að raforkumálalögum taki bati okkur.  
Verður því unnið fyrir 4. m. kr. meira í  
sumar, en áætlunin gerði ráð fyrir.

En því staddi við það sem lofað  
var, — að reyni að greita fyrir þessu.  
É mun skýra **Petri** í Guðshúsi þri  
málinu, en seunil. verður brynt í Flóka.  
Zepta þveft Þessi

er enn. Félagið var þá stofnað í pólitískum tilgangi, en síðan þá var  
 flokksmannanna sláttur. Stállega var það af tveggjum áttundum. Hvergi  
 ekki heft neyðlegt skráð við þá um stofnun félagsins og hafa þeir verið  
 til sína áhrif, en síla fremur var það, að rétt í eftir höf ungur maður  
 hó-r, háttari stáðarinn, að vera allinnangarinn og síðan þá  
 ástýja hann, þá varst á.á.á. , að þá létta þeir ekki að leggja fram 16.  
 Samseting var reynd af öðrum höfða, en grundvallur ána áhrif varstíll.

Blönduósi, 27/12 1965

Herra flokksformaður

Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra,

Reykjavík,

Heiðraði flokksformaður,

Eg skrifa þetta bréfi tilneyddur. Þannig er, að haustið 1961 stofnuðum  
 við nokkrir hér verzlunarfélag til þess að hamla gegn kaupfélags-  
 valdinu, en þá var enginn kaupmaður hér og eina kaupmannsverzlunin  
 var að loka. Við fengum verzlunarstjóra úr Reykjavík.

Til þess að gera langa sögu stutta, þá fór það nú svo, að í ársbyrjun  
 1964 sögðum við verzlunarstjóranum upp og um vorið fór hann. Voru  
 þá reikningar gerðir upp og í ljós kom, að allt var í slíkri óreiðu,  
 að orð fá ekki lýst.

Hvernig slíkt gat skeð, var fyrst og fremst eftirlitsleysi stjórnar  
 að kenna, sem treysti verzlunarstjóranum. Svo var það, að reikningar  
 fyrir árið 1962 voru gerðir að bókhaldara úr Reykjavík og sýndu þeir  
 mjög sæmilega útkomu eftir það ár miðað við aðstæður. En bókhaldarinn  
 blekkti okkur þannig, að hann gat þess ekki að raunverulega var  
 ekkert bókhald, heldur vann hann þetta upp úr fylgiskjölum. Varla var  
 haldin kassabók.

En hvað um það svona var það sumarið 1964. Hluthafafundur samþykkti  
 að halda áfram rekstri félagsins og síðan hefir félagið verið rekið  
 með lágmarkstilkostnaði, þ.e. einni stúlku til afgreiðslu og annar  
 kostnaður varla til. Félagið var þá raunverulega gjaldþrota og

er enn. Félagið var þó stofnað í pólitískum tilgangi, en náði þó ekki til flokksmanna almennt. Aðallega var það af tveimur ástæðum. Mönnum þótti ekki haft nægilegt samráð við þá um stofnun félagsins og hafa þeir nokkuð til síns máls, en öllu fremur var það, að rétt á eftir hóf ungur maður he-r, bakari staðarins, að reka allumfangsmikla verzlun og vildu margir styðja hann. Það vanst a.m.k. , að þá þurftu þeir ekki að leggja fram fé. Sameining var reynd af okkar hálfu, en granðvöll eða áhuga vantaði.

Nú horfa verzlunarmálin þannig við hjá okkur, að þessi kaupmaður, bakarinn, er burtfluttur og verzlunin hættir nú um áramótin. K.H. hefir tekið í notkun nýja og mjög fullkomna verzlun og má segja að drottni yfir verzluninni. Örfáar samáverzlanir eru en allar máttlausar.

Skuldir á okkar verzlun eru allmiklar eða samkvæmt uppgjöri miðað við septbyrjun 1964, en nýrra uppgjör er ekki til, voru skuldir, þar með talið hlutafé, um 2,5 millj. á móti komu eignir ca. 16-18 hundruð þúsund, svo útlitið er ekki glæsilegt. Þetta hefir ekki breytt að öðru leyti en því, að nú eru kröfuhafarnir ekki alveg þeir sömu, þ.e. við höfum græitt kröfur privat til þess að forða hrúni.

Nú þegar hin verzluni er hætt, örlar hér fyrir þeirri hugsun, að ekki sé heppilegt að leggja okkar verzlun einnig að velli, en okkur vantar fé. Við höfum uppi ráðagerð að safna um hálfri milljón króna í hlutafé og gerum ef til vill ráð fyrir að það takist, enda bjóðum við forréttindi, svo til einhvers er að vinna, en okkur vantar nú þegar um 2-300 þúsund krónur til þess að sefa æstustu kröfuhafa, en eis og er, eru það fyrirtæki í Reykjavík, Vinnufatagerðin, Ágúst Ármann og Ingvar Helgason.

Og þá kem eg að erindinu, er nokkur von um aðstoð frá flokksstjórninni? Okkur vantar nú eins og áður er sagt 200 -300 þúsund til þess að lenda ekki ekki í málaferlum eða réttar sagt, ef ekki á að gefast upp, því ekki er hægt að greiða einum og svíkja annan. Þá er betra að taka skellinn.

Eg vil taka það fram, að fram að þessu hefir enginn tapað krónu á fyrirtækinu og von um framtíðarrekstur er til staðar, ef stöðugt skuldabasl


háir ekki fyrirtækinu. Fráleit innkaup, miðuð við RBykjavík, og óregla höfðu nær riðrð því að fullu, en sæmilegar horfur eru á, að reka megi þetta fyrirtæki eins og önnur, ef annarlegar ástæður ekki hamla.

Eg leitaði til flokksskrifstofunnar, en fékka ekki þá fyrirgreiðslu, sem eg átti von á, þ.e. eg vil fá ákveðið svar. Eg hefi verið hér í fyrirsvari fyrir flokkinn í nokkur ár, svo mér er ljóst, að fyrirtæki, sem eg hefi staðið að og í vitund almennings er pólitískt fyrirtæki, er til góðs gangi það vel, en er afar erfitt, ef það verður að fulla, þótt ef til vil að eg bjargist út úr því án gjaldþrots sjálfur, þá fá margir okkar manna skell, sem þeir eiga erfitt með að setta sig við.

Eg veit, að við gjöldum Skagfirðinga og raunar annarra, en ekki má dæma okkur fyrirfram af gjörðum annarra. Ef til vill væri hugsanlegt, að send mann hingað norður til viðræðna við okkur og athugunar á því hvort nokkur von sé um rekstur fyrirtækisins, en hvað sem oðan á verður, þá bið eg um skjótt svör, því stænfa liggur hér, óbirt enn, frá Vinnufatagerðinni, svo skjótra aðgerða er þörf.

Eg bið þig afsökunar á þessu kvabbi, en okkur er ekki alveg sama hvernig fer, þess vegna viljum við samvizku okkar vegan bera þetta undir flokksstjórnina. Telji hún enga ástæðu til baráttur, þá erum við ekki að leggja okkur fram.

Með bestu kveðju,



# BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

PÓSTHÓLF 390 — SÍMI 19200

REYKJAVÍK

Reykjavík,

Hvanneyri 3/9, 1965

Forsætisráðherra

Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

Góði vinur.


Eftir vangaveltur fannst mér ráðlegast að leita til þín um úrræði í máli, sem mér liggur á hjarta. Hér með sendi ég þér 2 hefti af "FORUM", tímariti "World Assembly of Youth", en þar eru þessi askulýðssamtök að taka landbúnaðarmálin til meðferðar á skemmtilegan og merkilegan hátt með hinum gagnmerkustu greinum. Ef til vill er hefti Nr. 56 framhald á þessu, en það er ekki komið hingað á safnið.

Ég hef í sumar verið að velta vöngum yfir þessum ritgerðum, var að hugsa um að gera útdrætti úr þeim og greinaflokk í Mbl., en það er mjög erfitt, því að ritgerðirnar eru margar svo efnismiklar. Nú var mér að koma í hug, að flokkurinn kæmi því til vegar, að SUS léti þýða greinarnar og gefa þar út í bæklingi, sem væri dreift um laðið. Ég tel fræðslu í þessum anda og áframhaldandi síðar í málögnum flokksins vera grundvöll þess, að flokkurinn komist undan landbúnaðarhugsjón Framsóknarflokksins án þess að skipta um menn. Það er þjáningarmiða að skipta um skyrtnu en um menn, aðeins ef menn þá komast rétt í nýju skyrturnar, að ranghverfan sé hulin við skinnið og brjóstklöfinn veiti fram.

Ég get notað þetta efni að talsverðu leyti sem kennsluefni í fagi, sem heitir "Búnaðarlandafraði" hér hjá okkur, og er í þeim tímum vel hlustað og vel lært.

Ef þú teldir þessa leið ekki fara, bið ég þig að senda mér línu eða hringja í mig, og reyni ég þá með stuttar greinar. Þú þarft ekki að endursenda ritin, því að ég hef önnur blöð.

Blessaður,





# The University of North Dakota

GRAND FORKS ~~58202~~, North Dakota, U.S.A.

DEPARTMENT OF MODERN and CLASSICAL LANGUAGES

16. október 1965

Herra forsetisráðherra dr. Bjarni Benediktsson,  
Stjórnarráðið,  
Reykjavík.

Góði vinur:


Ég er nýbúinn að fá Morgunblaðið með greininni minni um Surts-  
eyjarbókina, og þakka ég þér kærlega fyrir að koma greininni á fram-  
færi til birtingar þar, og fyrir ágæta meðferð á henni.

Í vináttu skyni, og vegna þess, að ég veit, að þér er annt um það, sem  
horfir í þá átt að kynna Ísland og íslenzkar bókmenntir erlendis, sendi  
ég þérmeð áritaða sérprentun af grein um Gunnar Gunnarsson, sem ég skrif-  
aði fyrir ritið Scandinavian Studies, sem The American-Scandinavian Found-  
ation gaf út í sumar til heiðurs dr. Henry Goddard Leach, er hann varð  
hálfmíræður. En sérprentanirnar bárust mér ekki fyrri en rétt nýlega.  
Mér þætti vitanlega vænt um, ef þú teldir greinina þess virði að láta  
Morgunblaðið geta hennar, en hún fjallar sérstaklega um þær skáldsögur  
Gunnars, sem út hafa komið í enskri þýðingu vestan hafs. Fyrir stuttu síð-  
an sendi ég honum í flugpósti sérprentun af greininni, og er nýbúinn að  
fá einkar hlýtt þakkarbréf frá honum fyrir hana.

Hér er nú mjög á dagskrá í blöðunum landabréf það, er sýnir Vínland,  
sem fræðimenn við Yale háskólann og í British Museum hafa fundið, og er  
engum vafa bundið, að það rennir nýjum sögulegum stoðum undir Vínlands-  
fund Leifs Eiríkssonar.

Með alúðarkveðju og öllum góðum óskum.

Þinn einlægur,



*Council of Europe*  
*The Secretary General*

Strasbourg, 22nd September 1965

*Dear Prime Minister,*

I write to offer you my warmest thanks for the kind hospitality and help with the work of the Council of Europe which I received in Iceland. I found it of particular value to be able to see for myself the nature of the country and people and the way in which problems must appear from an Icelandic point of view.

On our return, we are undertaking a study, with Ambassador Eggerz, of those Council of Europe activities which might be of particular interest to Iceland.

May I express the hope that we may one day see you personally in Strasbourg. There is a quite well-established practice which pleases our Assembly very much of attendance by Prime Ministers or their equivalents; last January, the Austrian Chancellor came to the Assembly and addressed it, in May, the Maltese Prime Minister was there and at the Assembly next week, the Belgian Prime Minister will be present and I very much hope that one day you yourself may be with us.

My wife and I look back with great pleasure on our short visit and hope that it may be our good fortune to go to Iceland once again.

*With best wishes*  
*Yours sincerely*  
*Peter Smithers*

Peter Smithers

His Excellency Mr Bjarni Benediktsson,  
The Prime Minister,  
Reykjavik,  
Iceland.

SÍMSKEYTI

nnnn

zczc Lra163 ffc508/711 on366

icrk

oslo 35/34 14 1407

etat

statsminister djarni enediktsson reykjavik

Oct 14 14 52 65

mottta min hjerteligste takk for lykkoenskningene ianledning  
min overtagelse av statsministerstillingen jeg foeler  
meg forvisset om at de naere  
vennskapelige baand mellom de tvo frendefolk vil vedvare  
per borten

SÍMSKEYTI

SÍMS



SÍMSKEYTI



SÍMSKEYTI

annnn

zczc Lra319 ffc270 on121 711

icrk

oslo telex 15 15 1012

etat

statsminister bjarni benediktsson reykjavik

hjertelig takk for din hyggelige hilsen íanledning  
utnevnelsen

john Lyng

Dec 15 10 01 65

TI



SÍMSKEYTI



SÍMSKEYTI



Trondheim 14.okt. 1965.

Herr Forsætisrådsherra

Bjarni Benediksson,  
Reykjavik.

Det var meg ei kjær helsing Dykkar brev d.5.juli og den forvitnelege og vakre boka om Surtsey, eit eventyr om korleis jorda har vorte til ,på si vis. Og eg må også få lov til å takke herr Forsætisråden og Frue for den hyggelege gjestinga i vår.Vi er mange Islandsvener i Noreg som gledde oss stort leg.Mi takk kjem seint.Eg har vore bortreist. Den 19.denne månad skal vi innvie store nybygg ved Katedralskolen.H.M. Kongen skal og vere tilstades. Med vørdsam og venleg helsing

*Bjarni Benediksson*



# National Newspaper Association

SERVING 6600 PUBLISHERS AND EDITORS IN 50 STATES

491 National Press Bldg.  
14th and F Streets, N.W.  
Washington, D. C. 20004  
Code 202 • ST. 3-1653

## Officers

### President

JOHN L. FOURNIER  
News-Journal  
Kent, Wash.

### Vice President

WALTER B. POTTER  
Star-Exponent  
Culpeper, Va.

### Treasurer

JOHN H. BIDDLE  
Daily News  
Huntingdon, Pa.

### Executive Vice President

THEODORE A. SERRILL  
Washington, D. C.

### Corporate Secretary

NANCY MAHOOD  
Washington, D. C.

## Directors

### Chairman

GORDON B. SEAVEY  
Citizen  
Belmont, Mass.

VERLE V. KRAMER  
Courier  
Gibson City, Ill.

JACK LOUGH  
News  
Albion, Neb.

R. E. LEDFORD  
Advance  
Vidalia, Ga.

DICK WESTERFIELD  
Fayette County Union  
West Union, Iowa

WALTER KANE  
Californian  
Bakersfield, Calif.

ED K. LIVERMORE  
Herald  
Sapulpa, Okla.

WILLIAM J. SLATOR  
Independent  
Middlebury, Vt.

JOHN PAUL JONES  
Florida Press  
Association  
Gainesville, Fla.

October 4, 1965

Mr. Bjarni Benediktsson  
Prime Minister  
Government House  
Reykjavik, Iceland


Dear Mr. Benediktsson:

On behalf of our participating membership in the recent National Newspaper Association Study Mission to your country, we wish to convey to you our sincere appreciation for the courtesies extended during this visit.

All of our members who participated in this trip to the several European countries on the itinerary, have expressed their feelings that this was not only a most informative overseas program, but that it afforded them an opportunity to enjoy meeting so many pleasant persons and to see so much of the scenery and historic sites.

We are truly pleased with the quantities of literature provided, the briefings and the information gained. This will help each of those participating to read about and write and speak more intelligently about the countries visited in the years ahead.

Cordially,



Theodore A. Serrill

Hafnarfirði, 30/9. 165

Ermetisráðh.

h. Þjarni Þeniditshun.

Þú sem er réttlátur hlýtur  
lof þjófanna.

Þú, herra minn! erstu  
seyndur, viturkennður,  
gáfaður og réttgjörur  
maður. —

Meigi ytur ávallt lánað  
á vana og varta það.

Vistingar fjeest.

Kristinn Hákonarson.


UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 10. desember 1965.

Db. 64.Z.1.  
(óskast tilgreint í svari)

Hér með sendist ljósrít af erindi sendi-  
herrans í Washington, nr. 522, 16. nóvember s.l.

F. h. r.



Hr. forsætisráðherra  
Bjarni Benediktsson,  
Reykjavík.



EMBASSY OF ICELAND  
WASHINGTON, D. C. 20008

Db. sr. 4. F. 1.  
16. nóvember 1965

Nr. 522  
Donald E. Askey  
-----

Um miðjan september s.l. barst frá ungum, amerískum náms-  
manni, Donald E. Askey, við Georgetown háskólann, eftirfarandi  
bréf, stílað á sendiherra:

"The letter, which I now direct to you, is an attempt to express my sincere appreciation and gratitude to the Icelandic people for the kind consideration and warm friendliness they showed me during the past summer when I was in Iceland. I am an 18-year-old German major at Georgetown University here in Washington, and my hobby, so to speak, is Iceland and her language. So subsequently from the 6th of June until the 5th of September I stayed in your country, working most of the time at the Farmer's School at Hvanneyri, and trying all the time to exercise my limited knowledge of Icelandic and to win Icelandic friends. No matter what the occasion, in other words, at all times, the Icelanders I met strove to make my stay as pleasant as possible and were always very generous and hospitable which I understand is an Icelandic tradition. For the most enjoyable and most interesting summer of my life I must thank the Icelandic nation.

Since you, Sir, are the official Icelandic representative in the United States I feel it best to thank you on behalf of all those Icelanders whom it is impossible for me to thank personally. I owe particular thanks to Ragna Gudmundsdottir, a secretary in the Foreign Ministry for acquiring my job at Hvanneyri; to Asgeir Petursson, syslumadur, and his family, for the good times together; and to Bjarni Benediktsson, the Prime Minister, for the honor of dining privately with him at his home. I owe special thanks also to all those unmentioned, who allowed me to become "one of the gang," for then and now I really think it is good to be an Icelander; and as I told all my Icelandic friends, I am greatly looking forward to the time when I can return to Iceland.

Utánríkisráðuneyti  
Reykjavík

Utánríkisráðuneytið

Db. 64.2.1 24/11 65  
D.A.S.

Though words are not sufficient to express true thankfulness, I anxiously await the opportunity to exercise the unselfishness and hospitality which I learned from the Icelandic people. Accordingly an Icelander will always be welcome in my home. Thank you again and always."

Fyrir mistök hefir bréf þetta mislagzt og því dregizt að skýra frá því.

Tekið skal fram, að fyrir forgöngu Mr. Askeys hefir undirritaður verið beðinn um að flytja erindi um Ísland í Georgetown háskólanum. Verður það væntanlega flutt 16. desember n.k.

Ráðuneytið er vinsamlega beðið að koma ofangreindum kveðjum til skila.

*Pétur Thorsen*